

93 sem hjáleigur fylgja eða tómthús, skuldbindi sig til að leigja þau ekki öðruvísi en svo, 27. maí. að allt afgjaldið af þeim sje ákveðið annaðhvort í peningum eða landaurum, eða ef svo skyldi vera, að samningur hefði áður verið gjörður um að hjáleigubændur eða tómthús-menn ættu að róa á vegum þjóðjarðalandsetanna eða vinna annað fyrir þá, að þjóðjarðalandssetarnir þá bjóði hlutaðeigöndum, að greiða í stað slíkrar vinnu annað gjald, er um boðsmanni þykir sanngjarnt.

Jafnframt því, þjónustusamlega að tjá yður, herra landshöfðingi þetta til þókn-anlegrar leiðbeiningar og nauðsynlegrar birtingar, undanfelli jeg ekki að bæta því við, að það virðist rjettast að gefa alþingi tækifæri til að segja álit sitt um nefnt fyrirkomulag, þegar fjárlagafrumvarpið um árin 1882 og 1883 er lagt fyrir þingið, og að jeg álit, að ekki eigi að gjöra aðra breytingu á þessu, áður en alþingi er búið að ræða málið.

94 — *Brjef landshöfðingja til stiptyfirvaldanna um styrk handa fornleifafje-* 3. júní. *laginu.* — Samkvæmt tillögum stiptyfirvaldanna í þóknanlegu brjefi frá 28. f. m., vil jeg hjer með veita hinu íslenzka fornleifaffelagi

a, allt að 200 kr. styrk til þess að rannsaka og grafa eptir staðarlegum og öðrum fornleifum einkum á Þingvöllum og

b, allt að 20 kr. fyrir hverja örk af fornfræðislegu tímariti, þó ekki meira en 100 kr. þetta ár.

Hvortveggja styrkurinn er veittur af fje því, sem í 15. gr. fjárlaganna er lagt til verklegra og vísindalegra fyrirtækja, og mun styrkurinn verða útborgaður eptir því, sem störfum fjelagsins miðar áfram.

Þetta er tjáð stiptyfirvöldunum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum.

95 — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um* 7. júní. *fiskiveiðar í landhelgi.* — Í sambandi við brjef mitt frá 3. f. m. vil jeg út af brjefi ráðgjafans frá 27. s. m. tjá yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir sýslumönnum í Múlasýslum, að utanríkismaður, sem vill öðlast rjett til fiskiveiða í landhelgi við Ísland þarf að gjörast þegn hins danska ríkis, og að hann geti orðið það með því að setjast að einhversstaðar á landinu, þó það sje ekki innan takmarka löggilds kaupsþús, sbr. tilsk. 13. júní 1787 II. kap. § 6. og III. kap. §§ 1. og 11 og dómsmálastjórnarbrjef 21. nóvember 1864, prentað í tíðindum um stjórnamál-efni II. bls. 112.

96 — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um* 11. júní. *styrk handa 2 búfræðingum.* — Hjer með læt jeg yður, herra amtmaður, tjáð, að jeg hefi samkvæmt tillögum amtsráðsins veitt af vöxtum styrktarsjóðsins handa þeim, er biða tjón af jarðeldi, Jónasi Eiríkssyni, sem ferðandi búfræðingi í Suðurmúlasýslu, 200 kr. um árið 1879 og víðlíka upphæð Guttormi Vigfússyni, sem eins var ástatt fyrir í Nordurmúlasýslu hið sama ár. Hin fyrnefnda upphæð hefir verið greidd sýslumanninum í Suðurmúlasýslu, en þær 200 kr., sem Guttormi Vigfússyni eru ætlaðar, sendast yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar ráðstöfunar, og býst jeg við að fá kvittun fyrir móttöku þessarar upphæðar.